

---

## STEFNUYFIRLÝSING UM FORVARNIR OG FÍKNIEFNI

---

Neysla áfengis, tóbaks eða fíkniefna á aldrei samleið með iðkun íþrótta og vill íþróttahreyfingin á Íslandi efla forvarnahlutverk sitt á eftirfarandi hátt:

### Setja fram markvissa stefnu

- hvetja íþrótta- og ungmennafélög til þess að festa í lög sín ákvæði þar sem tekin er einörð afstaða gegn neyslu á áfengi, tóbaki og fíkniefnum
- móta sameiginlegar starfsreglur um hvernig tekið skuli á fíkniefnavanda ungs fólks á vettvangi íþróttahreyfingarinnar og hvernig unnið skuli að forvörnum
- gera öll íþróttamannvirki algerlega reyklaus

### Stuðla að aukinni og almennari þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi

- hvetja íþrótta- og ungmennafélög til þess vinna markvisst að því að fjölga iðkendum íþrótta meðal barna og unglinga, m.a. með því að auka fjölbreytni í iðkuninni og tryggja þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga
- nýta mannvirki og aðstöðu íþróttahreyfingarinnar til að festa íþróttastarf í sessi sem raunhæfan valkost til skemmtunar fyrir unglinga, t.d. með því að bjóða upp á iðkun óhefðbundinna greina, halda opin hús í íþróttamannvirkjum, eða efna til annars konar íþróttastarfs fyrir þessa aldurshópa þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun en keppni og afrek

### Auka þekkingu á skaðsemi fíkniefna og forvörnum innan hreyfingarinnar

- gefa út fræðsluefni um fíkniefni og forvarnir fyrir þjálfara og iðkendum og gera fræðslu um þessi málefni að föstum þætti í fræðslustarfi íþróttahreyfingarinnar og í íþróttanámi í framhaldsskólum
- fela þjálfurum að fræða þá iðkendum sem þeir þjálfar um áhrif áfengis, tóbaks og fíkniefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum
- hvetja sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málögnum sínum og ritum

Samþykkt á Íþróttapingi 2. nóvember 1997